

## HPE-2018-09 Eggjaframleiðsla í Hrísey

Umsækjandi er Landnámsegg ehf. sem áður hefur fengið styrk frá Hrísey, þerlu Eyjafjarðar til þess að koma á fót eggjaframleiðslu í Hrísey. Markmið verkefnisins að þessu sinni er að fegra umhverfið í kring um húsnæði Landnámseggja ehf. Umhverfið þarfnast töluverðra úrbóta til þess að hægt sé að fá leyfi fyrir lausagöngu hænanna utandyra. Einnig á að lagfæra vegkafla að húsinu og gróðursetja plöntur til þess að gera umhverfið vistlegra.

Sótt er um styrk til þess að vinna að þessum umhverfisbótum.

Verkefninu var úthlutað 500.000 kr.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.